

Fornleifakönnun í landi Austureyjar í Laugardalshreppi, Árnessýslu



Adolf Friðriksson og Anna Hallgrímsdóttir



*Reykjavík 2000
Fornleifastofnun Íslands
FS114-0001*

© Fornleifastofnun Íslands 2000

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Mynd á kápu : *Austureyjarnes, séð úr norðri.*

Efni

EFNI.....	3
1. SAMANTEKT	3
2. INNGANGUR.....	4
3. FORNLEIFAR OG SKIPULAG.....	4
4. NIÐURSTÖÐUR	5
5. HEIMILDIR	7
6. VIÐBÆTIR: SKRÁ YFIR FORNLEIFAR Í LANDI AUSTUREYJAR	7

1. Samantekt

- Í þessari skýrslu er fjallað um fornleifar í landi Austureyjar í Laugardal, Árnессýslu.
- Safnað var fyrirliggjandi heimildum um fornleifar á allri jörðinni.
- Á vettvangi var Austureyjarnes, þ.e. land Rafiðnaðarsambandsins, kannað.
- Í landi Austureyjar er kunnugt um 11 fornleifar.
- Ekki er kunnugt um neinar fornleifar á deiliskipulagsreit í Austureyjarnesi.

2. Inngangur

Að ósk Rafiðnaðarsambandsins gerði Fornleifastofnun Íslands könnun á fornleifum í landi sambandsins í Austurey vegna vinnu við deiliskipulag.

Athugunin var gerð 7. - 9. apríl 2000. Safnað var heimildum um fornleifar á svæðinu og gerð svæðisskrá fornleifa fyrir jörðina Austurey. Síðan var gerð vettvangsrannsókn og unnið úr rannsóknargögnum.

Í þessari skýrslu er tekinn saman fróðleikur um löggjöf varðandi fornleifar, fornleifaskráningu og skipulag og birtur árangur athugana á heimildum og á vettvangi.

3. Fornleifar og skipulag

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög með síðari breytingum), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar : "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja." Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Er fornleifakönnunin sem þessi skýrsla byggir á unnin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með hinni nýju löggjöf.

Grundvöllur fornleifaverndar er þó það ákvæði þjóðminjalaga sem kveður á um lögbundna fornleifaskráningu sem forsendu skipulagsvinnu, sbr. 18. gr.: " Skylt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess..."

Framkvæmd þessa lagaboðs í því augnamiði að koma í veg fyrir hvers kyns minjaspjöll gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum (16. gr.) víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, 100 ára eða eldri, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Í lögunum eru gefin allnokkur dæmi, svo sem byggðaleifar, bæjarstæði, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum,

naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum; einnig vinnustaðir þar sem aflað var fanga, sel, verstöðvar, ból, mógrafir, kolagrafir, gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, gamlir vegir, stíflur, brýr, vöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra; varnarmannvirki; þingstaðir, hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð; áletranir, greftrunarstaðir og skipsflök.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll forn mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við fornleifakönnun í Austurey, á sama hátt og gert er við almenna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar fornleifaneftnar. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi athugun: Þótt rækileg könnun heimilda og vettvangsathugun hafi ekki leitt í ljós fornleifar á tilteknum stöðum, er ekki útilokað að minjar finnist þar við jarðrask. Engu að síður þá miða þær aðferðir, sem hér hefur verið beitt, að því að gerð sé markviss fornleifaleit í þágu undirbúnings að framkvæmdum.

4. Niðurstöður


Könnun á fornleifum fór fram í tveimur áföngum, a) könnun á fyrirliggjandi heimildum um fornleifar á svæðinu öllu, þ.e. landi Austureyjar, b) könnun á deiliskipulagsreit á vettvangi.

Heimildakönnun leiddi í ljós að í landi Austureyjar eru a.m.k 11 fornleifar. Skrá er yfir þessar minjar í viðauka skýrslunnar. Engin þessara minja er friðlýst. Engin þessara minja er í landi Rafiðnaðarsambandsins.

Við vettvangskönnun var allt óbyggt svæði á Austureyjarnesi gengið og skoðað. Engar fornleifar komu í ljós. Hér má þó nefna að syðst á nesinu, þar sem heitir Dráttur, er lending sem er að nokkru manngerð. Óvist er með öllu hvort þetta mannvirki sé fornt og var það ekki tekið á meðfylgjandi fornleifaskrá. Þó svo að þessi staður teldist til fornleifa, er ljóst af fyrirliggjandi deiliskipulagstillögu að þar verður engu raskað.

Kort af fornleifum og örnefnum í landi Austureyjar.

Skipulagsreiturinn er neðst á kortinu.





Dráttur. *Lending á Austureyjarnesi*

5. Heimildir

Óprentaðar heimildir:

Fornleifastofnun Íslands:

Fornleifaskrá Árnessýslu

Örnefnastofnun Íslands:

Örnefnaskrá Austureyjar í Laugardal

Prentaðar heimildir:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Árnessýsla. Kh.

Jarðatal Johnsens 1847, Kh.

6. Viðbætir: Skrá yfir fornleifar í landi Austureyjar

ÁR-412:001 *Austurey* bæjarhóll bústaður

ÁR-412:002 heimild um ristu

"Torfrista og stúnga bjargleg."

Heimildir: JÁM.

ÁR-412:003 *Lendingin* heimild um lendingu

"Neðan við bæinn er lítið nes út í vatnið, Steinsdráttur. Sunnan við það er stærra nes, Stóranef. Þar sunnan við er vík nefnd Lendingin. Þar var bátum lent."

Heimildir: Ö-Austurey bls.1

ÁR-412:004 *Móvik* heimild um mógröf

"Sunnar [en Lendingin] er enn nes, Litlanef. Síðan kemur Móvik. Milli Litlanefs og Móviks er stór steinn, Stóristeinn"

Heimildir: Ö-Austurey bls.1

ÁR-412:005 *Langholtstóft* heimild um fjárhús

"Norðaustan við [Hala] er mýrarsund en síðan tekur við langt holt, Langholt. Suðvestan af því er gömul tóft af sauðahúsum gömlum, Langholtstóft."

Heimildir: Ö-Austurey bls.1-2

ÁR-412:006 *Selhústóft* heimild um fjárhús

"Í krikanum, þar sem Hólá beygir til suðurs, er lítið holt, Selholt. Syðst á því er Selhústóft, þar voru fjárhús

Heimildir: Ö-Austurey bls.2

ÁR-412:007 *Vað* heimild um vað

"Hólá skiptir svo löndum að norðan og austan. Rétt austan við hólma, sem er í ánni norð-austan við Selholt, er gamalt vað nefnt Vað."

Heimildir: Ö-Austurey bls.2

ÁR-412:008 *Grænutóftir* heimild

"Austan á [Heimaholti] eru grænar tóftir allmargar, Grænutóftir."

Heimildir: Ö-Austurey bls.2

ÁR-412:009 heimild um leið

"Gatan til Laugardalshóla frá Austurey liggur um Heimaholt."

Heimildir: Ö-Austurey bls.2

ÁR-412:010 *Holshús* heimild um fjárhús

"Gatan til Laugardalshóla frá Austurey liggur um Heimaholt. Hún liggur rétt vestan við fjárhús, sem þar standa og nefnast Holshús. Líklega latmæli dregið af holtinu og eigi að vera Holtshús."

Heimildir: Ö-Austurey bls.2

ÁR-412:011 *Vagnabrautshæð* heimild um leið

"Beint norður af bænum, uppi á háhæðinni, er Vagnabrautshæð."

Heimildir: Ö-Austurey bls.2